

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu skipulagi skólasvæðis í Þykkvabæ.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Djúparhrepps hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 25. september 1991 staðfest breytingu á skipulagi skólasvæðis í Þykkvabæ frá 13. maí 1969 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýjum skóla suð-austan núverandi skóla/félagsheimilis og fyrirhugaður íþróttavöllur þar fyrir sunnan minnkaður. Ennfremur er ekki reiknað með íbúðarhúsi austan núverandi skóla og félagsheimilis.

Umhverfisiráðuneytið, 26. nóvember 1991.

F. h. r.
Páll Línal.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 562

25. nóvember 1991

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Búlandshrepps 1989–2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búlandshrepps 1989–2009.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á ásum austan við Borgarblá breytist úr opnu svæði í svæði fyrir opinbera stofnun (kirkju).

Breytingin hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykkt af sveitarstjórn Búlandshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Umhverfisiráðuneytið, 25. nóvember 1991.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 563

25. nóvember 1991

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest aðalskipulag Ólafsfjarðar 1990–2010.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964 og samþykki bæjarstjórnar Ólafsfjarðar og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Ólafsfjarðar 1978–1998 sem staðfest var 4. maí 1979.

Umhverfisiráðuneytið, 25. nóvember 1991.

Eiður Guðnason.

Páll Línal.